b) sem hefur lokið í Svíþjóð menntun sem röntgenassistent sem stendur í 2½ ár og viðurkennd er af háskólaráði ásamt yfirstjórn háskólamála eða samsvarandi eldri tveggja ára menntun eða menntun á heilbrigðisbraut í röntgengreiningu (90 punktar)."

2. gr.

Frumriti þessa samkomulags skal komið í vörslu hjá sænska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum samningsríkjunum staðfest afrit af því.

3. gr.

Samkomulag þetta gengur í gildi 30 dögum eftir að öll samningsríki hafa tilkynnt sænska utanríkisráðuneytinu að uppfylltar hafi verið þær kröfur sem gerðar eru til gildistöku þess.

Vörsluaðili skal tilkynna öðrum samningsríkjum um móttöku slíkra tilkynninga.

Samkomulag þetta skal gilda svo lengi sem samningurinn frá 25. ágúst 1981 er í gildi.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samkomulag þetta.

GJÖRT í Skagen 27. ágúst 1987 í einu eintaki á dönsku, finnsku, norsku og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

b) den, der i Sverige har gennemgået en af universitets- og högskoleämbetet samt skolöverstyrelsen godkendt uddannelse af 2½ års varighed til røntgenassistent eller tilsvarende ældre 2-årig uddannelse eller hälso- och sjukvårdslinjens uddannelse i diagnostisk radiologi (90 point)."

Artikel 2

Originaleksemplaret af denne aftale skal deponeres i det svenske udenrigsministerium, som skal oversende bekræftede genparter til de øvrige kontraherende stater.

Artikel 3

Denne aftale træder i kraft, 30 dage efter at samtlige kontraherende stater har meddelt til det svenske udenrigsministerium, at de foranstaltninger, som kræves for aftalens ikrafttræden er gennemført.

Depositaren underretter de øvrige kontraherende stater om tidspunktet for modtagelsen af disse meddelelser.

Denne aftale er gældende så længe overenskomsten af 25. august 1981 er i kraft.

SOM BEKRÆFTELSE HERPÅ har undertegnede tilbørligt befuldmægtigede repræsentant undertegnet denne ændringsaftale.

UTFÆRDIGET I Skagen den 27. august 1987 i ét eksemplar på dansk, finsk, norsk og svensk, hvilke tekster alle har samme gyldighed.

8. nóvember 1990 Nr. 32

AUGLÝSING

um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins.

Samkvæmt heimild í 41. gr. d. lið stofnskrár Evrópuráðsins frá 5. maí 1950 var við aðild Ungverjalands að ráðinu gerð breyting á 26. gr. stofnskrárinnar varðandi fjölda fulltrúa á Ráðgjafarþingi Evrópuráðsins, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 74/1950. Var ákveðið að Ungverjaland skyldi öðlast rétt á sjö þingfulltrúum. Breyting þessi tók gildi 6. nóvember 1990.

26. gr. stofnskrárinnar með áorðnum breytingum er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 8. nóvember 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

Hið breytta orðalag 26. gr. hljóðar svo:

„Eftirtalin ríki skulu eiga rétt á tölu fulltrúa sem hér segir:

Austurríki	6
Belgía	7
Kýpur	3
Danmörk	5
Finnland	5
Frakkland	18
Þýskaland	18
Grikkland	7
Ungverjaland	7
Ísland	3
Írland	4
Ítalía	18
Liechtenstein	2
Lúxemborg	3
Malta	3
Holland	7
Noregur	5
Portúgal	7
San Marino	2
Spánn	12
Svíþjóð	6
Sviss	6
Tyrkland	12
Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður Írlands	18“

The amended text of Article 26 is worded as follows:

"Members shall be entitled to the number of Representatives given below:

Austria	6
Belgium	7
Cyprus	3
Denmark	5
Finland	5
France	18
Germany	18
Greece	7
Hungary	7
Iceland	3
Ireland	4
Italy	18
Liechtenstein	2
Luxembourg	3
Malta	3
Netherlands	7
Norway	5
Portugal	7
San Marino	2
Spain	12
Sweden	6
Switzerland	6
Turkey	12
United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland	18"

Nr. 33 28. nóvember 1990

AUGLÝSING

um breytingu á Norðurlandasamningi til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir.

Með orðsendingaskiptum á tímabilinu 17. apríl til 9. júlí 1990 var gerð breyting á samningi milli Norðurlanda frá 12. september 1989 til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir til þess að láta samninginn ná til Álandseyja að því er varðar finnskt útsvar til sveitarfélaga, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 19/1989 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlast gildi á sama tíma og samningurinn.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. nóvember 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.